

**Sp. 556. Tillaga til þingsályktunar [289. mál]**

um könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa fimm manna nefnd er kanni hvernig háttáð er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnunum.

**Greinargerð.**

Nauðgun telst til alvarlegustu brota og á það sammerkt með manndrápi og meiri háttar líkamsmeiðingum að það getur varðað allt að ævilangri fangelsisvist. Eðli slíkra brota er hins vegar slíkt að kona, sem orðið hefur fyrir nauðgun, er á margan hátt í verri aðstöðu en þolandur annars konar brota. Ráða þar miklu viðhorf samfélagsins sem valda því jafnvel að þolandi treystir sér ekki til að kæra verknaðinn.

Enskar og bandarískar kannanir benda til þess að mikill meiri hluti nauðgunarbrotá sé ekki kærður, og er ástæða til að ætla að líkt sé á komið hér á landi. Til þess liggja ýmsar ástæður, en ein meginorsökin mun vera sú að konur treysta sér ekki til að ganga í gegnum þá niðurlægingu sem fylgir kæru og rannsókn málsins. Þá er algengt að brotþoli veigri sér við að kæra af hlífð við afbrotamanninn sem hún í mörgum tilfellum þekkir. Og enn má nefna ástæðu sem ef til vill er óhugnanlegust og hún er sú að kona, sem verður fyrir nauðgun, á það jafnvel á hættu að fjölskylda og vinir snúi við henni baki. Hún kys því fremur að láta kyrrt liggja, særð á líkama og sál.

Það er heldur alls ekki víst að kæra leiði til ákæru. Skortur á sönnunum veldur því oft að kæra er látin niður falla. Sé konan ekki blá og marín, í rifnum fötum og helst með sönnun verknaðarins í fæðingarvegi sínum getur sönnunarbyrðin reynst henni óviðráðanleg. Stöðug upprifjun hroðalegs atburðar getur reynst henni um megn, og stundum kys hún heldur að ljúka málinu með sátt en að freista þess að fá afbrotamanninn dæmdan.

Enda þótt fullvíst sé talið að dulin brotastarfsemi á þessu sviði sé allmikil hér á landi kemur árlega fram fjöldi nauðgunarkæra. Í svari núverandi dómsmálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns þessarar tillögu í Sameinuðu þingi 6. mars s. l. komu meðal annars fram eftirfarandi upplýsingar:

Frá 1. júlí 1977 (þegar Rannsóknarlögregla ríkisins hóf starfsemi) til 31. desember 1983 skráði Rannsóknarlögregla ríkisins alls 126 kærur. Af þeim kærur voru 82 sendar ríkissaksóknara til frekari meðferðar. Af þeim tilvikum, sem kærð voru á umræddu tímabili, leiddu 58 til ákæru, 44 þessara ákæra hafa þegar leitt til dóms. Refsingar hafa verið

mismunandi, en algengasta refsing er fangelsi í 12—18 mánuði. Í tveimur tilvikum var maður dæmdur fyrir fleiri brot í sama dómi og var refsing þá 2½ árs fangelsi, og í einu tilviki var dæmt í 3 ára fangelsisvist.

Það er ekki skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að breytinga sé þörf á hegningarlögunum sjálfum hvað þessi mál varðar. Þau eru að flestu leyti góð og gild þótt 44 ára séu. Hins vegar er ástæða til að ætla að aðstöðu brotþola í nauðgunarmálum megi bæta til muna og er sú skoðun byggð á umsögnum ýmissa sem nærri hafa komið. Því leggja flutningsmenn til að skipuð verði nefnd er kanni hvernig rannsókn og meðferð nauðgunarmála er háttáð og geri tillögur til úrbóta. Lagt er til, að í nefndinni eigi sæti fulltrúi Kvennaathvarfs, lögfræðingur, rannsóknarlögreglumadur, lækni (sérfræðingur í kvensjúkdómum) og félagsráðgjafi eða sálfræðingur. Eðlilegt og sjálfsagt er að nefndin sé að meiri hluta skipuð konum.

Meðal úrbóta, sem til greina koma, má nefna eftirfarandi:

- Lögreglu sé skylt að benda brotþola á aðstoð Kvennaathvarfs eða einhvers sambærilegs aðila þegar á fyrsta stigi kærumsálsins.
- Brotþola sé tryggð lögfræðiaðstoð og aðstoð gedlæknis, félagsráðgjafa eða sálfræðings þegar á fyrsta stigi rannsóknar.
- Læknirinn, sem skoðar brotþola, sé kona.
- Rannsóknarlögreglumadurinn, sem yfirheyrir brotþola, sé kona.
- Haldin verði námskeið fyrir þá sem aðstoða brotþola og þá sem annast lögreglu-rannsókn vegna nauðgunarmála.

Loks má benda á að mörgum þykir sönnunarbyrði brotþola í nauðgunarmálum ankannaleg og að atferli þeirra, bæði fyrir og eftir brotið og á meðan á því stóð, sé dregið fram í dagsljósið í ríkara mæli en við rannsókn annarra mála. Enn fremur kynni að vera fróðlegt fyrir nefndina að athuga og bera saman dóma fyrir nauðgunarbrott og forsendur þeirra dóma, til dæmis s. l. 20 ár.

Æskilegt er að nefndin hraði störfum sínum og skili álit á þessu ári.

Það er ætlun flm. að kostnaður við framkvæmd tillögu þessarar greiðist úr ríkissjóði.